

Styrktarfélagið Broskallar

SmileyCharity

531015-0290

Á r s r e i k n i n g u r
2023

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun endurskoðanda	-
Rekstrarreikningur	
Efnahagsreikningur	
Sjóðstreymi	
Skýringar	

Nafn: Styrktarfélagið Broskallar

Kennitala: 531015-0290

Heimilisfang: Lundi 9

Sveitarfélag: 200 Kópavogur

SKÝRSLA STJÓRNAR

Styrktarfélagið Broskallar eru góðgerðasamtök sem stofnuð voru á árinu 2015

Tilgangur félagsins er að styðja við og styrkja nemendur í fátækrahverfum, til að afla sér menntunar, fæðis og annarra lífsnauðsynja. Starfsemi félagsins er að mestu fjármögnum með styrkfé. Meginútgjöld félagsins eru vegna tölvubúnaðar en félagið styrkir einnig kaup nemenda á mat og öðrum nauðsynjavörum.

STJÓRN FÉLAGSINS SKIPA:

Gunnar Stefánsson (Stjórnarformaður)
Anna Helga Jónsdóttir (Meðstjórnandi)
Sigríður Björk Gunnarsdóttir (Meðstjórnandi)
Baldur Héðinsson (Meðstjórnandi)
Gunnar Bjarni Ragnarsson (Varamaður)
Kristín Rafnar (Varamaður)

Ársreikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og eru allar fjárhæðir í íslenskum krónum.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri félagsins á árinu 4.535.048 kr.
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam 8.239.724 kr.

Stjórn Styrktarfélagið Broskallar staðfestir ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Reykjavík

31.5.2024

Gunnar Stefánsson, Stjórnarformaður

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Styrktarfélagssins Broskallar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Styrktarfélagssins Broskallar fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Styrktarfélaginu Broskallar í samræmi við lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019 og settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra anmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Styrktarfélagssins Broskallar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra anmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 31. maí 2024

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

löggiltur endurskoðandi



Gæðaendurskoðun slf
Bíldshöfða 14, 110 Reykjavík

REKSTRARREIKNINGUR

	Skýr.	2023	2022
REKSTRARREIKNINGUR:			
Framlög og styrkir	3	29.985.377	14.856.758
Rekstrartekjur alls		<u>29.985.377</u>	<u>14.856.758</u>
REKSTRARGJÖLD:			
Veittir styrkir		21.000.988	14.436.429
Framlög og styrkir		0	2.000.000
Annar rekstrarkostnaður		4.537.388	4.525.454
Rekstrargjöld alls		<u>25.538.376</u>	<u>20.961.883</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		4.447.001	(6.105.125)
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:			
Vaxtatekjur og verðbætur		152.827	26.137
Vaxtagjöld og verðbætur		(64.780)	(27.350)
		<u>88.047</u>	<u>(1.213)</u>
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi		4.535.048	(6.106.338)
Styrkir umfram gjöld		<u>4.535.048</u>	<u>(6.106.338)</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

	Skýr.	2023	2022
EIGNIR:			
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur	4	1.672	6.160
Handbært fé	4	<u>8.238.052</u>	<u>3.698.516</u>
Veltufjármunir alls		<u>8.239.724</u>	<u>3.704.676</u>
Eignir samtals		<u>8.239.724</u>	<u>3.704.676</u>
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:			
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé 01.01	5	3.704.676	9.811.014
Styrkir umfram gjöld		<u>4.535.048</u>	<u>(6.106.338)</u>
Eigið fé alls		<u>8.239.724</u>	<u>3.704.676</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>8.239.724</u>	<u>3.704.676</u>

SJÓÐSTREYMI

Handbært fé frá rekstri	2023	2022
Styrkir umfram gjöld	<u>4.535.048</u>	<u>(6.106.338)</u>
Rekstarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi		
Veltufé frá rekstri	<u>4.535.048</u>	<u>(6.106.338)</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....	4.488	(5.726)
Aðrar skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	<u>0</u>	<u>(308.276)</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>4.539.536</u>	<u>(6.420.340)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	4.539.536	(6.420.340)
Handbært fé í upphafi árs	3.698.516	10.118.856
HANDBÆRT FÉ Í LOK ÁRS	<u>8.238.052</u>	<u>3.698.516</u>

SKÝRINGAR

1. Upplýsingar um félagið

Styrktarfélagið Broskallar, kennitala 531015-0290 eru góðgerðasamtök sem stofnuð voru á árinu 2015. Tilgangur félagsins er að efla menntun með stuðningi tölvutækni. Styrktarfélagið er með heimilisfesti að Lundí, 200 Kópavogi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

3. Tekjur

Styrkir og framlög eru tekjufærð þegar þau berast.

4. Veltufjármunir

<i>Skammtímafröfur</i>	2023	2022
Fjármagnstekjuskattur, afdreginn	1.672	6.160
Skammtímafröfur alls	1.672	6.160

Handbært fé

Handbært fé félagsins er í formi bankareikninga, inneignar hjá PayPal og vegna fyrirframgreidds kreditkort í eigu félagsins.

	2023	2022
Landsbankinn, innistæða	5.668.854	2.631.536
Landsbankinn, fyrirframgreitt kreditkort	518.663	345.311
Paypal reikningur, inneign	847.021	585.161
Wise reikningur, inneign	1.203.514	136.508
Handbært fé samtals	8.238.052	3.698.516

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	2023	Samtals
Hrein eign 1.1.2023	3.704.676	3.704.676
Afkoma ársins	4.535.048	4.535.048
Hrein eign 31.12.2023	8.239.724	8.239.724

6. Önnur mál

Styrktarfélagið Broskallar fær rafmyntina Broskalla (SmileyCoin, SMLY) í styrki og við kaup nemenda á spjaldtölvum, matvörum, dömubindum o.fl. í bókasöfnum. Félagið veitti 1 mia SMLY tilbaka í SmileyTutor verkefnið. Heildareign félagsins um áramót var um 7,3 mia SMLY.

Auk styrkja í hefðbundna starfsemi fékk félagið tvo eyrnamerkta styrki, 1.000.000 kr í vefsíðugerð og 761.075 til að halda vinnustofu í Kenía.